

## Landsaðgangurinn – óþrjótandi lind

Land	Heildarnotkun	Íbúafjöldi*	Fjöldi greina per höfðatölu
Ísland	646,979	299,388	2.161
Sviss	12,591,584	7,523,934	1.674
Ástralía	30,527,498	20,264,082	1.506
Svíþjóð	13,195,442	9,016,596	1.463
Bretland	87,456,419	60,609,153	1.443
Singapúr	6,066,230	4,492,150	1.350
Holland	21,965,005	16,491,461	1.332
Finnland	6,739,033	5,231,372	1.288
Írland	4,948,137	4,062,235	1.218
Nýja Sjáland	4,732,751	4,076,140	1.161

\*Mannfjöldatölur: [www.census.gov](http://www.census.gov)

Landsaðgangurinn gefur öllum Íslendingum aðgang að tímaritinu [ScienceDirect](http://ScienceDirect) þar sem birt eru vísindaskrif á sviði líf- og raunvísinda. Fyrir skemmstu var miljarðasta greinin sótt á ScienceDirect frá því að farið var að telja sóttar greinar árið 1999. Þetta samsvarar því að 36 greinar hafa verið sóttar á hverri sekúndu. Vinsælustu tímaritin eru „The Lancet“ sem birtir greinar í læknisfræði og skyldum greinum og „Tetrahedron Letters“ en þar er einkum að finna greinar í líffærni efnafraði. Tölvunotendur í Bandaríkjum Norður-Ameríku sóttu flestar greinar eða um fjórðung, Bretar tíundu hverja grein, Japanir rúm 7% og í 10 sæti eru Þjóðverjar sem sóttu rúm 2,8%. Ef tekinn er greinafjöldi sem hver þegn einstakra landa sótti breytist myndin verulega. Hver Íslendingur hefur sótt 2,161 grein á ScienceDirect, Svisslendingar eru í öðru sæti með 1,674 greinar, Ástralar í því þriðja með 1,506 greinar og Svíar eru í fjórða sæti með 1,463 greinar. Stóru löndin sem eru í toppi hvað heildarfjöldann varðar lenda mun aftar í höfðatölulistanum: Bandaríkjamenn í 20. sæti, Japanir í 27. sæti og Þjóðverjar í 35. sæti.

### Viðurkenning háskóla á Íslandi formlega hleypt af stokkunum

Samkvæmt lögum um háskóla [nr. 63/2006](http://www.mrn.is) skulu háskólar sem starfa samkvæmt starfsleyfi menntamálaráðherra hafa öðlast viðurkenningu á starfsemi sinni innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Undanfarna mánuði hefur menntamálaráðuneyti unnið að skipulagi og framkvæmd viðurkenningarferilsins. Mikil áhersla hefur verið lögð á að tryggja trúverðugleika ferilsins og hann uppfylli alþjóðleg gæðaviðmið. Viðurkenningar háskóla miðast við fræðasvið og undirflokk þeirra út frá Frascati- staðli [OECD](http://www.oecd.org). Fræðasviðin eru sex, náttúruvísindi, hugvísindi, verk- og tæknivísindi, heilsvísindi, bú- og auðlindavísindi og félagsvísindi. Þá verða listir flokkaðar sem sérstakt fræðasvið. Framkvæmd viðurkenninganna verður tvískipt. Náttúruvísindi, hugvísindi, verk- og tæknivísindi ásamt listum verða tekin fyrir á vormánuðum og ber þeim skólum sem hyggjast sækja um viðurkenningu á þessum fræðasviðum að skila inn umsóknunum fyrir 1. mars næstkomandi. Önnur fræðasvið verða tekin fyrir í haust og er skiladagur umsókna 1. september. Búið er að skipa í nefndir sérfræðinga sem munu skila umsögn um hæfi háskólanna á fræðasviðum og undirflokkum þess til menntamálaráðherra. Við skipan nefndarmanna var leitast eftir að fá til verksins færustu einstaklinga sem völu á. Leitast var eftir tilnefningum hjá viðurkenndum matsstofnunum í Evrópu og Bandaríkjunum. Gerðar voru kröfur um að viðkomandi sérfræðingar hefðu reynslu af viðurkenningum og gæðastarfi á háskólastigi ásamt viðtækri reynslu af stjórnun háskólastofnanna. Leitast verður við að tryggja að matið verði sem hlutlægast og hefur menntamálaráðuneyti samið við Rannís um að hýsa og sjá um almenna umsýslu umsagnarferilsins. Á Íslandi eru nú starfandi átta háskólastofnanir. Í fyrri umferð viðurkenningarferilsins má búast

við að sex umsóknir berist frá fjórum stofnunum, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Listaháskóla Íslands. Úrskurðar menntamálaráðherra um viðurkenningu háskóla á ofantöldum fræðasviðum er að vænta í haust.



### Samkomulag um samstarf í menningarmálum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra undirrituðu nýverið samkomulag um samstarf ráðuneytanna á sviði menningarmála. Samkomulagið felur það í sér, að samstarf ráðuneytanna á þessu sviði skuli styrkt. Jafnframt skal mörkuð stefna, sem meðal annars taki mið af því að efla áhuga erlendis á íslenski list og menningu, auka möguleika og áhrif íslenskra listamanna á alþjóðlegum vettvangi, bæta menningarímynd Íslands og auka gagnkvæm menningarsamskipti við önnur lönd og menningarsvæði. Ráðuneytin munu á yfirstandandi ári hvort um sig leggja fé af mörkum til þessa. Stefnit er að því að auka fjárframlög in áföngum á næstu árum.

### Ný viðbygging við MH vígð

Ný viðbygging við Menntaskólann í Hamrahlíð var formlega vígð þann 14. febrúar sl. Húsið er liðlega 3100 fermetrar og auk aðal



íþróttasalur eru þrír minni æfingarsalur auk búningasklefa. Þá eru í húsinu 12 kennslustofur og nýtt bókasafn. Skólastofurnar eru annarsvegar sérbúnar raungreinastofur og hinsvegar fyrirlestrasalur og almennar kennslustofur. Viðstaddir athöfnina voru fyrrverandi kennarar, starfsfólk, nemendur og aðrir velunnarar skólans. Vígslan fór fram í aðalíþróttasal byggingarinnar og að henni lokinni var húsið allt til sýnis.

### Fjórar nýjar greinanámskrár í grunnskóla

Menntamálaráðuneyti sendi bréf nýverið til þess að vekja athygli á breytingum á almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla sem taka gildi 1. ágúst 2007. Þar kom fram að á árinu yrðu einstakir námsgreinahlutar gefnir út í endurskoðaðri útgáfu. Breytingar á námskránum taka mið af þróun skólustarfs undanfarin ár. Nú hafa fjórar greinanámskrár verið gefnar út á rafrænu formi á [námskrárvef ráðuneytisins](http://namskrarvef.raduneytis.is). Þetta eru:

- Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafraði
- Íþróttir – líkams- og heilsurækt
- Listgreinar
- Heimilisfræði

